

Nd. **337. Frumvarp til laga** [172. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Árskógshreppi Hauganesland.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Bjartmar Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Árskógshreppi land það, sem tilheyrir Hauganesi í þeim hreppi, fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Hreppsnefnd Árskógshrepps er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði umrætt land eða hluta af því.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Land það, sem Hauganesi tilheyrir, er í eigu ríkisins. Meginhluti þessa lands var tekinn undan Selá, sem er ríkisjörð. Enn fremur er lítið horn af þessu landi út úr Brimnesi. Sú jörð er í einkaeign, en ríkið keypti þessa landsspildu undan Brimnesi fyrir nokkrum árum.

Hauganes er vaxandi útgerðarstaður, með rúmlega 100 íbúa. Íbúarnir eru óánægðir með það að þurfa að sækja mál sín til Reykjavíkur, t. d. vegna mannvirkjagerðar, og telja það mikið hagsmunamál, að hreppurinn eignist landið, sem staðnum tilheyrir. Á fundi hreppsnefndar Árskógshrepps hinn 15. febrúar 1969 var samhljóða samþykkt að gera þegar ráðstafanir til þess að afla heimildar Alþingis til að fá land Hauganess keypt, að sjálfsögðu miðað við það, að landið fáið með aðgengilegum kjörum.